

Mál nr. 299/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Nafn vátryggingartaka (X)

Orsakatengsl sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. september 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 29. september 2022, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð M, föstudaginn 13. mars 2020, fyrir vinnuslysi sem atvikaðist með þeim hætti að hann var í bifreið sinni í vondu veðri og snjókomu upp á Þeistareykjum. Snjór hafði safnast saman á framrúðuna og festi í þurrkunum og hugðist M moka snjónum af og hreinsa þurrkurnar. Skyndilegt og óvænt atviki hafi orðið þegar hann rann til og datt og í fallinu greip hann í eitthvað með þeim afleiðingum að hann fékk hnykk á öxlina. M leitaði til læknis mánudaginn 16. mars 2020 og taldi læknirinn að um væri að ræða tognun. Fékk M fjarvistavottorð fyrir atvinnurekanda og var frá vinnu á tímabilinu frá 16 – 27. mars 2020. Telur M að læknirinn hafi gert mistök við skráningu í sjúkraskrá þegar hann tilgreindi að slysið hefði orðið 15. mars í stað 13. mars. Sumarið 2021 hafi læknar breytt greiningu sinni og sögðu að M myndi ekki ná sér að fullu því sin hefði slitnað sem ekki var hægt að gera við. Hefur M gert kröfu í launþegatryggingu vinnuveitanda síns, X, hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 20. október 2021. Höfnun V byggir á því að slysið hafi orðið sunnudaginn 15. mars og því hafi ekki verið um vinnuslys að ræða en M var ekki við störf þann dag. M vísar til þess að X hafi tilkynnt slysið til Sjúkratrygginga Íslands sem vinnuslys sem varð 13. mars 2020 og þannig staðfest frásögn M með undirritun sinni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að höfnun bótaskyldu úr slysátryggingu launþega byggir á því að það sé ósannað að meiðsli M verði rakin til vinnuslyss og því falli atvikið ekki undir gildissvið umræddrar tryggingar sem nær einungis til slysa í vinnutíma eða á beinni leið til eða frá vinnu. Þegar slysið var tilkynnt til V hafði vinnuveitandi M, X, ekki heyrt af slysinu jafnvel þótt meira en ár væri liðið frá því. Vísar V til fyrirliggjandi tölvupóstsamskipta milli V og X. Ekki hafi verið rætt um vinnuslys í tengslum við fjarveru M á tímabilinu frá 16 – 27. mars 2020, heldur veikindi. Í óvinnufærnivottorðum frá þessum tíma var merkt við „önnur slys“ sem ástæðu að baki óvinnufærni en ekki „vinnuslys“. Ekkert styður þá fullyrðingu M að læknirinn sem hann hitti þann 16. mars 2020 hafi, ekki einungis haft kolranga atvikalýsingu eftir honum í sjúkraskrá, heldur einnig ritað ranga slysadagsetningu í skrána.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvenær slys M átti sér stað og þá sérstaklega hvort það hafi átt sér stað í vinnutíma eða frítíma. Engin vitni voru að atvikinu og kom lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar ekki á vettvang. Í samskiptaseðli heilsugæslu dags. 16. mars 2020 er slysinu lýst með þeim hætti að M hafi verið að moka snjó að kvöldi sunnudagsins 15. mars 2020 þegar hann dettur, ber fyrir sig hægri hönd og slasast á hægri öxl. Greining var tognun á öxl. Fékk M fjarvistavottorð fyrir tímabilið frá 16 – 25. mars 2020 og var það skráð sem „annað slys“. Það var ekki fyrr en með tjonstilkynningu lögmanns M til V, dags. 14. júní 2021, sem atvikum er lýst á þann veg að slysið hafi orðið þann 13. mars 2020 og með þeim hætti sem lýst er í málskoti. Sama lýsing kemur svo fram í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 1. júlí 2021 og svo á áverkavottorði dags. 5. október 2021. Bæði þessi gögn eru rituð rúmu ári eftir atvikið. Þrátt fyrir að X, vinnuveitandi M hafi undirritað tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands þá kemur fram í samskiptum X við V að fyrirtækið hafi ekki haft neinar upplýsingar um þetta meinta slys og staðfestir jafnframt að M hafi unnið í tíu tíma föstudaginn 13. mars 2020 og hafi því ekki verið frá vinnu þann dag.

Hvað atvikalýsingu varðar, verður að byggja á frumgögnum málsins, nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburður vitna styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Því er

ekki til að dreifa í þessu máli. Þau gögn sem M leggur fram til stuðnings hans frásögn eru öll rituð rúmu einu og hálfri ári eftir slysið. Á grundvelli þessa verður ekki talað sannað að slys M hafi átt sér stað í vinnutíma þann 13. mars 2020. Á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir